



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar, 22. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 18. október sl. þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar, 22. mál á 143. löggjafarþingi.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að með frumvarpinu sé lagt til að Norðurlandasamningur um almannatryggingar sem gerður var í Bergen 12. júní 2012 öðlist lagagildi hér á landi þegar hann taki gildi. Fyrir liggur að samstarf Norðurlanda á sviði almannatrygginga á sér langa sögu. Sú endurskoðun Norðurlandasamningsins, sem lauk með samningnum 2012, er gerð vegna þróunar sem orðið hefur á sviði almannatrygginga innan Evrópuréttarins sem og löggjöf einstakra Norðurlanda. Gert er þannig ráð fyrir að fyrirhuguð lagasetning og Norðurlandasamningurinn hafi almennt jákvæð áhrif fyrir þá sem falla undir íslenska löggjöf á þessu sviði og fara á milli Norðurlandanna. Sömu reglur muni gilda óháð ríkisborgararétti auk þess sem ákvæði samningsins verði til fyllingar Evrópureglum um sama efni og veita í vissum tilvikum ríkari réttindi.

LÍ hefur engar athugasemdir við framangreint lagafrumvarp og telur jákvætt að það serði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.